



Eftirlaunasjóður FÍA

Tryggingafræðileg athugun í árslok 2021



Maí 2022

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Niðurstaða úttektar.....	3
Forsendur úttektar	5
Niðurstaða miðað við aðrar tryggingafræðilegar forsendur	6
Áhrif spár um lækkandi dánartíðni á lífeyrisskuldbindingar 31.12.2021	7
Eignir, rekstur og endurmat.....	8
Örorkuframlag.....	9
Niðurlag.....	10
Söguleg þróun	11
Viðauki TAFLA 1.....	13
Viðauki TAFLA 2.....	14

Inngangur

Talnakönnun hf. hefur samkvæmt beiðni stjórnar Eftirlaunasjóðs FÍA athugað tryggingafræðilega stöðu sjóðsins miðað við árslok 2021. Athugunin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunnin réttindi sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar héldu áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir færu á lífeyri. Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur sjóðsins, Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur og Arnór Ingi Finnbjörnsson stærðfræðingur hjá Talnakönnun unnu athugunina samkvæmt samþykktum sjóðsins og í samræmi við 24. grein laga nr. 129/1997 og ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Benedikt er með viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 39. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi en í viðurkenningunni felst meðal annars heimild til að gera tryggingafræðilega athugun á fjárhag hérlendra lífeyrissjóða í samræmi við 24. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997

Gögn um sjóðfélaga voru fengin úr Kríukerfi FUGLA ehf. Upplýsingar um kyn og fæðingardag hvers sjóðfélaga, fæðingardag maka, samtals áunnin réttindi sjóðfélagans og nýjustu upplýsingar um iðgjaldagreiðslur. Hjá lífeyrisþegum voru upplýsingar um tegund lífeyris og lífeyrisréttindin í desember 2021.

Sjóðfélögum er skipt í þrjá hópa:

1. Sjóðfélagar sem greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu 2021.
2. Sjóðfélagar með geymd réttindi, það er greiddu hvorki iðgjöld né þáðu lífeyri á árinu 2021.
3. Lífeyrisþegar í desember 2021.

Áreiðanleiki gagnanna var kannaðar með ítarlegum samanburði við gögn síðustu ára og tölur úr ársreikningi. Ágætis samræmi var þar á milli eftir að búið var að fá ný gögn um þá einstaklinga sem eiga rétt í sjóðnum.

Rétt er að vekja athygli á því að í desember síðastliðnum samþykkti fjármála- og efnahagsráðherra tillögu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um nýjar dánar- og eftirlifendatöflur sem byggja á spá um lækkandi dánartíðni. Við þessa úttekt er miðað við þessar nýju töflur í samræmi við ákvörðun stjórnar sjóðsins. Þessar töflur hafa mikil áhrif á stöðu sjóðsins: Heildarstaðan er jákvæð þrátt fyrir breytingarnar um 6,1%, en hefði verið jákvæð um 14,8% miðað við óbreyttar lífslíkur frá síðustu úttekt á sjóðnum.

Á bls. 3 er niðurstaða úttektar sýnd en með nýjum lífslíkum við mat á skuldbindingum verður framtíðarstaða sjóðsins neikvæð um 10,8% meðan áfallin staða er jákvæð um 12,5%. Þetta þýðir að þótt sjóðurinn í heild sé í góðu jafnvægi þá er komið ójafnvægi bæði í áfallna og framtíðarstöðu sjóðsins. Því er eðlilegt að grípa til mótvægisáðgerða, þrátt fyrir að heildarstaðan sé ásættanleg. Talnakönnun hefur kynnt hugmyndir að slíkum aðgerðum fyrir stjórn sjóðsins jafnframt því sem starfsmenn og stjórn hafa kannað mögulegar leiðir í því sambandi. Þær leiðir falla annars utan umfjöllunar þessarar skýrslu.

Niðurstaða úttektar

Heildarstaða sjóðsins skiptist annars vegar í áfallna stöðu og hins vegar framtíðarstöðu. Áfallin staða er mismunur á núverandi eignum sjóðsins og áföllnum lífeyrisskuldbindingum til sjóðfélaga. Á sama hátt er framtíðarstaðan mismunur á núvirði framtíðariðgjalda núverandi sjóðfélaga og núvirði framtíðarlífeyrisskuldbindinga vegna sjóðfélaga miðað við tryggingafræðilegar forsendur.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu athugunarinnar. Til samanburðar er sýnd niðurstaðan sem miðast við árslok 2020. Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna á verðlagi í lok hvors árs. Niðurstaða úttektarinnar er að heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 4.072 m.kr. eða um 6,1% af heildarskuldbindingum. Það er sterkari staða en í árslok 2020 en þá var heildarstaða sjóðsins jákvæð um 2.814 m.kr. eða +4,6%. Staðan er sterkari þrátt fyrir innleiðingu nýrra lífslíka sem hækka skuldbindingar sjóðsins um 5.146 m.kr. en m.v. óbreyttar lífslíkur, frá síðustu tryggingafræðilegu athugun, við mat á skuldbindingum væri heildarstaða sjóðsins jákvæð um 9.105 m.kr. eða +14,8%. Lífslíkurnar taka nú í fyrsta sinn mið af lækkandi dánartíðni sjóðfélaga til framtíðar og áhrif þeirra á mat á skuldbindingum sjóðsins eru skýrð nánar á bls. 8. Niðurstaða árið 2021 er miðuð við nýjar dánar- og eftirlífendatöflur, en árið 2020 er miðað við þær eldri.

Heildarstaða	2021	2020
Framtíðariðgjöld	16.321.119	21.645.516
Endurmetin eign	54.330.680	42.801.009
Heildareign	70.651.799	64.446.525
Lífeyrisskuldbindingar	64.471.720	61.632.519
Rekstrarkostnaður	2.107.653	0
Heildarskuldbindingar	66.579.373	61.632.519
Eignir umfram skuldir	4.072.425	2.814.005
Staða	6,1%	4,6%

Áfallin staða	2021	2020	Framtíðarstaða	2021	2020
Höfuðstóll	58.542.663	49.869.005	Núvirði framtíðariðgj.	16.321.119	22.368.347
Endurmat skuldabréfa	-4.211.983	-3.421.947	Rekstrarkostnaður	0	-722.831
Niðurfærsla hlutabr.*	0	-1.496.054			
Fjárfestingargjöld*	0	-1.497.802			
Rekstrarkostnaður*	0	-652.193			
Endurmetin eign	54.330.680	42.801.009	Eign í framtíðarstöðu	16.321.119	21.645.516
Áfallnar lífeyrisskuldb.	47.047.333	39.842.770	Framtíðarlífeyrisskb.	17.424.387	21.789.749
Rekstrarkostnaður*	1.227.330	0	Rekstrarkostnaður	880.323	0
Áfallnar skuldbindingar	48.274.663	39.842.770	Skuldbindingar alls	18.304.710	21.789.749
Eignir umfram skuldir	6.056.017	2.958.238	Eignir umfram skuldir	-1.983.591	-144.233
Staða	12,5%	7,4%	Staða	-10,8%	-0,7%

*Liðir vegna varúðarniðurfærslu hlutabréfa og núvirði fjárfestingagjalda hafa verið felldir brott í reglugerð 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Breytingarnar taka fyrst gildi í tryggingafræðilegum úttektum fyrir stöðu sjóðanna í árslok 2021. Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar telst

nú með lífeyrisskuldbindingum í stað þess að koma til frádráttar á tryggingafræðilegri eign eins og áður. Breytingin kemur fram í reglum nr. 1625/2021 settar af Seðlabanka Íslands í desember 2021. Í töflunum að ofan hafa þessir kostnaðarliðir í árslok 2020 verið færðir á sama hátt og í árslok 2021

Iðgjald í VIRK endurhæfingarsjóð er 0,10% af stofni til iðgjalds og lækkar því væntar iðgjaldtekjur sjóðsins sem því nemur en að sama skapi eru væntingar um að örorkuskuldbindingar sjóðsins lækki. En það á eftir að koma í ljós hversu mikið örorkubyrðin lækkar (sem þýðir lægri örorkulíkur) og mun reynsla næstu ára skera úr um það. Á meðan verður ekki tekið tillit til áhrifa þessara útgjalda í tryggingafræðilegri athugun, það er hvorki í útreikningi á núvirði væntra iðgjalda eða örorkuskuldbindinga.

Heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 6,1% og því innan þeirra marka sem lög kveða á um. Þar segir að heildarstaðan eigi að jafnaði að vera innan 5% vikmarka og aldrei utan 10% marka.

Heildarlífeyrisskuldbindingar sjóðsins í árslok 2021 eru 66.579 m.kr. og hækkuðu um 3.572 m.kr. á árinu. Þar af eru 5.146 m.kr. vegna nýrra lífslíka sem liggja til grundvallar við mat á skuldbindingum. Helstu breytingar á árinu eru sýndar hér að neðan. Fyrir árið 2020 er búið að taka inn áhrif reglugerðarbreytinga sem áttu sér stað á árinu 2021. Fjárhæðir vegna ársins 2020 kunna því að vera frábrugðnar tölum sem birtar voru í tryggingafræðilegri athugun fyrir árslok 2020.

Yfirlit um breytingu á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar		
Eignir	2021	2020
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í árslok	70.651.799	68.815.405
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í ársbyrjun	68.815.405	71.658.305
Hækkun/lækkun endurmetinnar eignar á árinu	1.836.394	-2.842.900
Skuldbindingar		
Skuldbindingar í árslok	66.579.373	63.007.544
Skuldbindingar í ársbyrjun	63.007.544	67.212.322
Hækkun/lækkun skuldbindinga á árinu	3.571.830	-4.204.778
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu	-1.735.436	1.361.877

Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar		
	2021	2020
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	40.494.964	36.967.338
Hækkun áunnina réttinda vegna breytinga á samþykktum	0	0
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	3.470.553	2.643.799
Hækkun áunnina réttinda vegna iðgjalda ársins	1.477.640	1.846.261
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	-1.113.313	-1.007.859
Hækkun vegna breytinga á tryggingafræðilegum forsendum	3.524.733	0
Breyting á núvirtum rekstrarkostnaði í áfallinni stöðu	575.137	186.315
Hækkun/lækkun vegna annarra breytinga	-155.050	-140.891
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	48.274.663	40.494.964

Forsendur úttektar

Ellilífeyrir

1. Reiknað er með að starfandi sjóðfélagar hefji töku ellilífeyris frá og með 65 ára afmælisdegi.
2. Áunninn réttur til ellilífeyris frá og með 65 ára aldri er áunninn lífeyrisréttur í árslok 2021 samkvæmt réttindabókhalda sjóðsins
3. Réttur ellilífeyrisþega á mánuði er lífeyrisgreiðsla í desember á janúarverðlagi.
4. Aldursháð réttindatafla gefur áunnin réttindi til ellilífeyris frá og með 65 ára aldri. Réttindin eru verðtryggð miðað við hækkun vísitölu neysluverðs frá vísitölu hvers mánaðar.

Örorkulífeyrir

1. Allir sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á örorkulífeyri, ef örorka þeirra er metin 50% eða meira og þeir verða fyrir tekjumissi.
2. Fyrir fulla (100%) örorku er áunninn örorkulífeyrir 75% af áunnum ellilífeyrisrétti og hlutfallslega minni fyrir minni örorku. Virkir sjóðfélagar eiga rétt á viðbót með framreikningi samkvæmt reglum í 12. grein samþykta sjóðsins.
3. Réttur örorkulífeyrisþega á mánuði er örorkulífeyrisgreiðsla desembermánaðar á janúarverðlagi.
4. Örorkulífeyrir greiðist til ellilífeyrisaldurs samkvæmt ofanskráðum reglum. Frá þeim tíma er greiddur ellilífeyrir.

Makalífeyrir

1. Makar allra þeirra sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga.
2. Áunninn makalífeyrir er 48% áunnins ellilífeyris. Makar virkra sjóðfélaga og örorku- og ellilífeyrisþega fá viðbót með sams konar framreikningi og gildir um örorkulífeyri.
3. Makalífeyrir er greiddur til æviloka eftirlifandi maka svo fremi makinn giftist ekki aftur eða hefji sambúð sem jafna má við hjónaband.
4. Réttur makalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

Barnalífeyrir

1. Við andlát eða starfsorkumissi sjóðfélaga fá börn þeirra rétt á lífeyri fram að 20 ára aldri.
2. Mánaðarlegur barnalífeyrir er 36.093 krónur á mánuði vegna andláts sjóðfélaga og 24.062 krónur vegna örorku.
3. Réttur núverandi barnalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

Almennar forsendur

1. Ávöxtun 3,5% umfram hækkunir vísitölu neysluverðs.
2. Íslenskar lífslíkur lífeyrissjóða miðað við reynslu árána 2014 til 2018 með spá FÍT um lækkandi dánartíðni.
3. Íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur nema að raunveruleg hjúskaparstaða er notuð hjá lífeyrisþegum.
4. Örorkulíkur sem taka mið við reynslu árána 2011 til 2016 hjá íslenskum lífeyrissjóðum.

Niðurstaða miðað við aðrar tryggingafræðilegar forsendur

Töflurnar hér að neðan sýna niðurstöður athugunarinnar með samanburði við annars vegar staðlaðar tryggingafræðilegar forsendur og hins vegar þær forsendur sem lágu til grundvallar við mat á skuldbindingum sjóðsins í tryggingafræðilegri athugun í árslok 2020. Tryggingafræðilegar forsendur í þessari athugun eru staðlaðar að öllu leyti nema því að miðað er við raunverulega hjúskaparstöðu lífeyrisþega en ekki staðlaðar hjúskaparlíkur. Ef stöðluðu forsendurnar eru notaðar við mat á skuldbindingum sjóðsins batnar áfallin staða í árslok 2021 um 0,5% og heildarstaðan um 0,3%.

Staðlaðar forsendur um lífslíkur sjóðfélaga eru notaðar við mat á skuldbindingum sjóðsins. Þetta eru lífslíkur sem byggja nú á reynslu sjóðfélaga hjá íslenskum lífeyrissjóðum á árunum 2014 – 2018 (LSJ1418L) með spá Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) um lækkandi dánartíðni til framtíðar. Þær er ólíkar þeim lífslíkum sem stuðst var við í síðustu athugun á EFÍA en þá voru notaðar lífslíkur sem byggja á reynslu allra Íslendinga á sama tímabili (IS1418L) án spár um lækkandi dánartíðni, sem þá voru staðalforsendur við tryggingafræðilegar athuganir á íslenskum lífeyrissjóðum.

Við óbreyttar lífslíkur frá síðustu athugun á sjóðnum væri áfallin staða sjóðsins þann 31.12.2021 jákvæð um 21,4% og heildarstaða sjóðsins jákvæð um 14,8%

Niðurstaða í árslok 2021	Forsendur úttektar	Staðlaðar forsendur	Óbreyttar forsendur
ÁFALLIN STAÐA			
Höfuðstóll	58.542.663	58.542.663	58.542.663
Viðbót vegna endurmats	-4.211.983	-4.211.983	-4.211.983
Eign	54.330.680	54.330.680	54.330.680
Áfallnar skuldbindingar	47.047.333	46.855.424	43.521.897
Rekstrarkostnaður	1.227.330	1.225.234	1.214.414
Skuldbindingar alls	48.274.663	48.080.658	44.736.311
Eignir umfram skuldb.	6.056.017	6.250.022	9.594.369
Staða	12,5%	13,0%	21,4%

Niðurstaða í árslok 2021	Forsendur úttektar	Staðlaðar forsendur	Óbreyttar forsendur
HEILDARSTAÐA			
Framtíðariðgjöld	16.321.119	16.321.119	16.207.845
Eign	54.330.680	54.330.680	54.330.680
Heildareign	70.651.799	70.651.799	70.538.524
Heildarskuldbindingar	64.471.720	64.279.811	59.325.787
Rekstrarkostnaður	2.107.653	2.107.653	2.107.653
Skuldbindingar alls	66.579.373	66.387.464	61.433.440
Eignir umfram skuldb.	4.072.425	4.264.335	9.105.085
Staða	6,1%	6,4%	14,8%

Áhrif spár um lækkandi dánartíðni á lífeyrisskuldbindingar 31.12.2021

Skuldbindingar sjóðsins eru nú í fyrsta sinn metnar með spá um lækkandi dánartíðni sjóðfélaga til framtíðar. Spáin er gefin út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) og var hún samþykkt af fjármála- og efnahagsráðherra í desember 2021. Innleiðing spárinnar hefur umtalsverð áhrif á stöðu íslenskra lífeyrissjóða en í flestum tilvikum hækka áfallnar skuldbindingar sjóðanna um 7% - 9% við breytinguna. Áfallnar lífeyrisskuldbindingar EFÍA í árslok 2021 hækka um 7,1% við innleiðingu nýrra lífslíka eða um 3.198 m.kr. Framtíðarskuldbindingar hækka um 8,7% eða um 1.459 m.kr. við innleiðinguna og heildarskuldbindingar sjóðsins hækka um 7,5% eða um 4.657 m.kr.

Grunnur spárinnar eru lífslíkur sem byggja á reynslu sjóðfélaga íslenskra lífeyrissjóða árin 2014 – 2018, svokallaður LSJ1418L staðall.

Niðurstöður í árslok	Forsendur úttektar (LSJ1418L með spá)	Engin spá um lækkandi dánartíðni (LSJ1418L)	Breyting	
Áfallnar skuldbindingar:				
Elliskuldbinding	39.230.107	35.519.108	3.710.998	10,4%
Örorkuskuldbinding	1.574.798	1.564.007	10.791	0,7%
Makaskuldbinding	6.157.876	6.694.419	-536.542	-8,0%
Barnaskuldbinding	84.552	83.868	685	0,8%
Rekstrarkostnaður	1.227.330	1.215.305	12.025	1,0%
Samtals:	48.274.663	45.076.707	3.197.956	7,1%
Framtíðarskuldbindingar				
Elliskuldbinding	15.019.532	13.183.604	1.835.928	13,9%
Örorkuskuldbinding	799.686	792.518	7.168	0,9%
Makaskuldbinding	1.510.520	1.872.939	-362.419	-19,4%
Barnaskuldbinding	94.648	104.358	-9.710	-9,3%
Rekstrarkostnaður	880.323	892.348	-12.025	-1,3%
Samtals:	18.304.710	16.845.768	1.458.942	8,7%
Núvirði framtíðariðgjalda	16.321.119	16.252.202	68.917	0,4%

Eignir, rekstur og endurmat

Skuldabréf í eigu sjóðsins voru endurmetin með því að núvirða þau til að sömu forsendur um vexti giltu um eignir og skuldbindingar og gaf það -4.212 m.kr. eða -7,2% af bókfærðri eign. Einstök skuldabréf voru ekki núvirt af Talnakönnun heldur var stuðst við útreikninga sem sjóðurinn útvegaði. Verðmæti bréfa sjóðsins sem bera uppgreiðsluákvæði eru endurmetin, en tryggingastærðfræðingar hafa gefið út reglur um hvernig þau skuli metin, en með lækkun vaxta hefur það orðið algengara en áður að slík bréf séu greidd upp.

Endurmatsverð eigna var borið saman við bókfært verð eigna og gengið úr skugga um að bókfærða verðið stemmdi við staðfestan ársreikning. Eins voru valin nokkur verðbréf og verðbréfaflokkar og endurmatsverð þeirra reiknað hjá Talnakönnun. Niðurstöður þeirra útreikninga stemmdu við endurmatsverðmætið frá sjóðnum.

Rekstrarkostnaður sem kom til núvirðingar var krónur 89.857 m.kr sem er uppfært meðaltal síðustu þriggja ára. Núvirði hans var 2.107,6 m.kr., sem bætast við lífeyrisskuldbindingar sjóðsins. Núvirtur kostnaður vegna áfallinnar skuldbindingar er hlutfall reiknaðrar áfallinnar lífeyrisskuldbindingar af heildarskuldbindingu að viðbættum framtíðariðgjöldum og gaf það 1.227,3 m.kr.

Endanlegur ársreikningur EFÍA barst í tölvupósti þann 26.apríl og byggir niðurstaða þessarar athugunar á þeim tölum.

Örorkuframlag

EFÍA er aðili að örorkusamkomulagi fjögurra lífeyrissjóða, Íslenska lífeyrissjóðsins, Lífeyrissjóðs Rangæinga og Lífeyrissjóðs tannlækna auk EFÍA.

Samkomulagið gengur út á það að lífeyrissjóðirnir greiða sameiginlega allan örorkulífeyri hjá sjóðunum og er hlutfall hvers lífeyrissjóðs reiknað árlega vegna örorkutilvika þess árs. Hlutdeild EFÍA var 54,2% í örorkulífeyrisgreiðslum vegna þeirra tilvika sem féllu til á árinu 2014, 54,0% árið 2015, 53,0% árið 2016 og 50,3% árið 2017. Það er ekki búið að reikna hlutdeild sjóðanna vegna tilvika ársins 2018 og 2019 en það er áætlað það sama og árið 2017 þar til búið er að reikna það. Ekki hefur náðst að reikna mismun skuldbindinga sjóðsins með og án samkomulagsins í árslok 2021 þegar þessi skýrsla er rituð þar sem gögn vegna þessa fyrir árin 2019 til 2021 hafa ekki borist Talnakönnun. Taflan hér að neðan nær því aðeins til ársloka 2018. Útreikningur á lífeyrisskuldbindingu EFÍA í tryggingafræðilegri athugun hefur alltaf miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins sjálfs en ekki hefur verið tekið tillit til örorkusamkomulagsins.

Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöðuna árin 2012 til 2018:

ÁR	Skuldbinding EFÍA með samkomulagi	Skuldbinding EFÍA án samkomulags	Mismunur	Hlutfall af áf. skb.
2012	388.398.225	368.036.960	20.361.264	5,53%
2013	464.400.952	581.396.596	-116.995.644	-20,12%
2014	599.152.761	631.394.160	-32.241.399	-5,11%
2015	545.452.782	567.033.720	-21.580.939	-3,81%
2016	501.539.089	469.186.005	32.353.085	6,90%
2017	579.702.116	408.444.273	171.257.843	41,93%
2018	671.656.291	524.595.799	147.060.492	28,03%

Skuldbindingar EFÍA án samkomulags hér eru ekki nákvæmlega þær sömu sem eru sýndar í skýrslu um tryggingafræðilega athugun. Hér hefur ekki verið tekið tillit til breytingar á vísitölu frá desember úttektarárs til janúar næsta árs og útgjöldunar vegna mismunar á iðgjöldum ársins í ársreikningi og iðgjöldum ársins í tryggingafræðilegum gögnum.

Skuldbinding EFÍA með samkomulagi fyrir árið 2018 er reiknuð út frá sömu hlutfallstölum og voru reiknaðar fyrir árið 2017 þar sem tölurnar fyrir 2018 enn áætlaðar.

Niðurlag

Eftir hagfelld ár í fjárfestingum undanfarin tvö ár er tryggingafræðileg staða sjóðsins í árslok 2021 sterk þrátt fyrir að nýjar lífslíkur með spá um lækkandi dánartíðni voru teknar upp, áfallin staða er jákvæð um 12,5% og heildarstaðan jákvæð um 6,1%.

Nýjar lífslíkur með spá um lækkandi dánartíðni sjóðfélaga til framtíðar liggja í fyrsta sinn til grundvallar við mat á skuldbindingum sjóðsins. Framtíðarstaðan er neikvæð um tæplega 11% samkvæmt hinum nýju töflum og nauðsynlegt að taka upp nýja réttindatöflu til þess að rétta hana af. Jafnframt er eðlilegt að áunnin réttindi verði endurreiknuð til að tryggja að hver kynslóð fái greiddan sanngjarnan lífeyri, hvorki sé verið að ganga á hlut þeirra sem eru komnir á lífeyri né þeirra sem eiga eftir að hefja töku lífeyris.

Þessi tryggingafræðilega athugun byggir á þeim gögnum og forsendum, sem gert hefur verið grein fyrir í skýrslu þessari, ásamt hefðbundnum tryggingafræðilegum útreikningum. Niðurstaðan virðist í ágætu samræmi við niðurstöðu fyrri ára þegar tillit hefur verið tekið til nýrra gagna auk ávöxtunar eigna og verðbólgu á árinu 2021.

Gert í Reykjavík 5. maí 2022

TALNAKÖNNUN HF.




Benedikt Jóhannesson
Tryggingastærðfræðingur sjóðsins




Arnór Ingi Finnbjörnsson
Stærðfræðingur hjá Talnakönnun hf.

Söguleg þróun


Áfallin staða sjóðsins árin 2007 - 2021




Framtíðarstaða sjóðsins árin 2007 - 2021



Heildarstaða sjóðsins 2007 - 2021



Áfallin og framtíðarstaða sjóðsins



Fimm breytingar hafa átt sér stað á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga frá og með árslokum 2008. Í úttektinni í árslok 2008 voru öll áunnin réttindi lækkuð um 15,0% og í úttektinni ári síðar voru öll áunnin réttindi lækkuð um önnur 10,0% til viðbótar. Í árslok 2011 voru áunnin réttindi lækkuð um 9,0% og síðan um önnur 11,2% ári síðar og náði sjóðurinn þá jákvæðri áfallinni stöðu í fyrsta sinn frá hruninu 2008. Mikil styrking á framtíðarstöðu sjóðsins á árinu 2008 kemur til vegna breytinga á réttindatöflum sjóðsins en þá var skipt yfir í aldursháða innvinnslu réttinda. Á miðju ári 2016 voru áunnin réttindi í árslok 2015 hækkuð um 3,0% en áfallin staða sjóðsins í árslok 2015 hafði verið jákvæð um 15,3%. Á grafinu hér fyrir ofan má einnig sjá áfallna stöðu eins og hún hefði verið fyrir hverja breytingu á áunnum réttindum fyrir sig. Nánari upplýsingar um breytingar á réttindum sjóðfélaga má finna í samþykktum sjóðsins.